



Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2019

R19040143

bb

Velferðarráð

Borgartún 10 - 12
105 REYKJAVÍK

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að gripið verði til sértækra aðgerða til að létta undir með fátækum barnafjölskyldum

Á fundi borgarráðs þann 2. maí 2019 var lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að gripið verði til sértækra aðgerða til að létta undir með fátækum barnafjölskyldum, sbr. 47. lið fundargerðar borgarráðs frá 11. apríl 2019.

Borgarráð samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar velferðarráðs.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins er sáttur við að vísa málín til velferðarráðs enda átti hann von á því. Að gefnu tilefni vill borgarfulltrúi minna á rétt sinn að leggja öll þau mál fram í borgarráði sem hann kýs að leggja þar fram. Það er von og ósk að vel verði tekið á móti þessari tillögu í velferðarráði enda full ástæða til. Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill nota tækifæríð til að höfða til þeirra flokka í meirihlutasamstarfinu sem hafa gefið sig út fyrir að vera jafnaðarflokkar. Til að hægt sé að stuðla að jöfnun þarf að beita sértækum aðgerðum þar með tekjutengingaraðferðum til að rétta hlut þeirra verst settu. Það verður aldrei neinn jöfnuður að heitið geti ef hækkanir ganga upp allan skalann án tillits til efnahags og aðstæðna fólks. Hópur efnaminna fólks og fátækra hefur orðið útundan í Reykjavík síðustu ár. Hátt leiguverð og gríðarlega erfiður húsnæðismarkaður étur upp meira og minna allt sem fólk nær að þéna á mánuði. Borgarfulltrúi vill benda á skýrsluna Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016 sem unnin var fyrir Velferðarvaktina í þessu sambandi.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Hjálagt:
Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

SKJALAVER	HÖFÐATORGI
08. MAI 2019	
Málsnr.: VF12019-05-0037	
Bréfalykill: 6.0	